

# Íslenska þjóðveldið

---

## Lykildagsetningar

Ásgeir Jónsson  
Hagfræðideild

# 874 - Ingólfur Arnarsson nemur land

Landnáma segir: „*Ingólfur er frægastur allra landnámsmanna, því at hann kom hér at auðu landi ok byggði fyrst landit og gerðu aðrir landnámsmenn eftir hans dæmum síðan.*“

- ◆ Þorsteinn, sonur Ingólfs, stofnaði fyrsta þingið á Kjalarnesi með stuðningi frænda og vina í kring.
- ◆ Og stuttu seinna virðist sem Alþingi sé stofnað út frá Kjalarnesþingi undir forsjá Þorsteins.
- ◆ Víst er að Þorsteinn Ingólfsson helgaði hið fyrsta Alþingi og var útnefndur allsherjargoði (eins konar biskup heiðinnar) og þann titil báru afkomendur hans síðan.
- ◆ Barnabarn hans, Þormóður Þorkelsson (og barnabarnabarn Ingólfs) var allsherjargoði þegar kristni var lögfest árið 1000.

# 930 - Alþingi stofnað – Þjóðveldið verður til

- ◆ 48 Goðar frá öllu landinu hittast í tvær vikur á Alþingi seinni partinn í júní ár hvert.
- ◆ Goðarnir sjá bæði um löggjafar og dómsvald – en með aðskildri framkvæmd.
- ◆ Þeir hittast í Lögréttu og samþykkja lög en koma einnig saman á öðrum dögum og skipa sér í 12 manna dóma um einstök sakamál.
- ◆ Annar málsaðili tekur út 12 Goða en hinn aðra 12 og eftir standa því 12 Goðar sem eiga að vera óvilhallir til þess að dæma.
- ◆ Flest mál eru leyst á vorþingum í héraði – en oft er þeim þó vísað áfram til Alþingis
- ◆ Ekkert framkvæmdvald er til staðar og aðeins einn ríkisstarfsmaður – Lögsögumaðurinn er segir upp lögina á hverju þingi.
- ◆ Framkvæmd laganna er á forræði goðanna upp að ákveðnu marki – annars einkaaðila.

# Áfram um Alþingi

- ◆ Goðorð erfast og/eða geta gengið kaupum og sölum.
- ◆ Konur geta átt goðorð en karlmenn verða að tala fyrir þær á þingum.
- ◆ Bændum er hins vegar frjálst að velja sér goða og færa sig á milli þeirra – eftir því sem þeim hentar.
- ◆ Fylgismenn goðans er skyldugir til þess að fylgja honum á þingið og eru kallaðir þingmenn.
- ◆ Goðorðunum fylgir því lýðræðislegt umboð upp að ákveðnu marki.
- ◆ Á Alþingi kemur einnig múgur og margmenn af öllu landinu til þess að sýna sig og sjá aðra, versla, skemmta sér og svo framvegis.
- ◆ Hin stærri mál eru borin fram á stórum fundum frammi fyrir alþjóð.
- ◆ Alþingi er slitið með vopnatakum – fundarmenn berja vopnum á skildi sína

# 975 - Óöld í heiðni – hreppar myndast

Landnáma segir: „*Óaldar vetur varð mikill á Íslandi í heiðni í þann tíma er Haraldur konungur Gráfeldur féll, en Hákon jarl tók ríki í Noregi. Sá hefur mestur verið á Íslandi. Þá átu menn hrafna og melrakka og mörg óátan ill var etinn, en sumir létu drepa gamalmenni og ómaga og hrinda fyrir hamra. Þá sultu margir menn til bana, en sumir lögðust út að stela, og urðu fyrir það sekir og drepnir.* „

- ◆ Sú nauðsyn ljós að skipta stjórn til þess að sinna sameiginlegum velferðarmálum og varna hungurdauða.
- ◆ Hver hreppur var landfræðileg eining með 20-30 bændum sem kjósa sér sameiginlega stjórn (sóknarmenn en síðar hreppstjóra).
- ◆ sinnir sameiginlegum velferðarverkefnum fjallskilum, fátækraframleiðslu, skattheimtu og síðan brunatryggingu.
- ◆ Allir bændur hreppsins eiga að hittast þrisvar á ári á þingum – haust, vetur og vort

# Malthusísk gildra

- ◆ Fólk tímgastr svo hratt, landið er takmarkað og því kemur alltaf til hungursneyðar nema fæðingar séu takmarkaðar.
- ◆ Ísland bar 60-70 þúsund manns á þjóðveldisöld – þegar loftslag var hlýrra – en um 50 þúsund manns eftirt 1600.
- ◆ Vandinn var aðeins sá að tryggja að fólki fjölgaði ekki umfram það mark.
- ◆ Í heiðni voru stundaðar fóstureyðingar – börn voru borin út – stundum er látið liggja að því að gamalmönnum hafi verið hent fyrir björg (ganga fyrir ætternisstapa) .
- ◆ Í kristni mátti nnginn má giftast og eignast börn nema að búa á landi eða geta séð fyrir börnum sínum.
- ◆ Hreppstjórar mega stía fólki sundur sem fer að eignast börn saman án þess að hafa ráð á því.
- ◆ Jafnvel var heimilt að gelda karlmenn Sbr. Grágás.

# Ætternisstapi

- ◆ Losaði heiðið fólk sig raunverulega við gamalt og fatlað fólk með því að henda því fyrir björg?
- ◆ **Úr Gautrekssögu:** *Hér er sá hamar við bæ vorn, er heitir Gillingshamar, og þar í hjá er stapi sá, er vér köllum Ætternisstapa. Hann er svo hár og það flug fyrir ofan, að það kvikindi hefir ekki líf, er þar gengur fyrir niður. Því heitir það Ætternisstapi, að þar með fækkum vér vort ætterni, þegar oss þykir stór kynsl við bera, og deyja þar allir vorir foreldrar fyrir utan alla sótt og fara þá til Óðins, og þurfum vér af engu voru foreldri þyngsl að hafa né þrjósku, því að þessi sældarstaður hefir öllum verið jafnfrjáls vorum ættmönnum, og þurfum eigi að lifa við fjártjón og fæðsluleysi né engi önnur kynsl eða býsn, þótt hér beri til handa.*
- ◆ Samanber orðtækin „að ganga fyrir ætternisstapa“ eða henda fyrir björg.“

# Tryggingarkerfi hreppanna

- ◆ Allir sveitfesti í sínum fæðingarhreppi – hreppurinn er skyldur til þess að sjá fyrir þér ef þú getur ekki unnið fyrir þér. **Það er tryggingin**
- ◆ **Tryggingargjaldið** var vinnuskylda – vistarband. Allir (sem ekki eru bændur) verða að ráða sig í vist á einhverjum bæ, eitt ár í senn.
- ◆ Fjölskyldum var oft skipt upp ef þær gátu ekki séð fyrir sér og börn boðin út á hreppsamkomum. Þeir sem buðu lægsta meðgjöf tóku að sér að sjá fyrir þeim.
- ◆ „Að þiggja af sveit“ eða vera „hreppsómagi“ var mikil skömm – en þrátt fyrir allt virkaði velferðarkerfi hreppanna nokkuð vel.
- ◆ Enginn svalt nema allur hreppurinn væri kominn á heljarþröm – nær engin áhættudreifing á milli landshluta.
- ◆ Þetta velferðarkerfi var sjálfsprottið í þjóðfélagi án ríkisvalds!



# 1000 - Kristnitakan

- ◆ Meistaralegasta málamiðlun Íslandssögunnar
- ◆ Allir skyldu skírast en þeir sem vildu dýrka gömlu guðina gátu gert það með óopinberum hætti.
- ◆ Ísland er opnað fyrir menningarstraumum frá hinni heilögu Rómarkirkju.
- ◆ Kristnin er felld að stofnunum þjóðveldisins og styrkir það fyrsta kastið.
- ◆ Öll lagaumgjörð helst hin sama. Goðarnir verða prestar og reisa kirkjur í stað hofa á eigin kostnað.
- ◆ Eitthvað einstakt gerist þegar heiðni og kristni mætast á friðsömum forsendum – íslenska gullöldin verður til.
- ◆ Biskupsstóll stofnaður í Skálholti 1056 og á Hólum 1106
- ◆ Fyrsta klaustrið á Þingeyrum 1112

# 1022 – fyrsti milliríkjasamningurinn

- ◆ Alþingi gerði samning við Ólaf helga (dgra) Haraldsson um aðgang að norska konungsveldinu í anda fjórfrelsis.
- ◆ Íslendingar hafa sama lagalega rétt og Norðmenn og hafa jafnan aðgang að stofnunum landsins, hafa einnig aðgang að viðri og vatni, séu frjálssir að yfirgefa landið þegar þeim fýsir og fara hvert þangað sem þeim langar.
- ◆ Í staðinn verða þeir að greiða landaura, skatt fyrir landtöku og skyldir til þess að taka þátt í landvörnum fyrir konung.
- ◆ Þessi samningur var í gildi í 240 ár og minnir að mörgu leyti á samninginn um EES.

# 1096 - Tíundin

- ◆ Tíundin var eignarskattur sem var sniðin að þjóðfélagi án konungs og ríkisvalds þar sem gert var um mál á þingum.
- ◆ Strangt til tekið var það á móti reglum kirkjunnar að taka gjald af dauðu fé og því þurfti undanþágu frá Páfa.
- ◆ En röksemdarfærsla tíundarlaganna var einföld;
- ◆ Tíundin var 10% fjármagnstekjuskattur. Reiknað var með því að fjármunir gæfu af sér 10% vexti árlega og 10% fjármagnstekjuskattur jafngildi því 1% eignaskatti.
- ◆ Sem skattalöggjöf var tíundin hreint meistarastykki er var gildi hérlendis í rúm 800 ár eða til ársins 1914.
- ◆ Á þessum 800 árum var Ísland með skilvirkasta og sanngjarnasta skattakerfið í Evrópu þar sem skattbyrðin fór eftir efnahag manna.
- ◆ Innheimtan fór fram á hreppspingum þar sem hver bóndi gaf upp eignir sínar í heyranda hljóði framm fyrir nágrönnum sínum.

# Áfram um tíundina

- ◆ Tíundin skiptist í fjóra staði; til biskups, presta, kirkna og fátæklinga.
- ◆ Þar sem höfðingjarnir áttu kirkjurnar og réðu presta sem hverja aðra launamenn til þess að messa var í raun svo í reynd að höfðingjarnir tóku helming af tekjunum, biskupinn fjórðung og fátæklingar annan fjórðung.
- ◆ Tíundin kom því bæði fótum undir bæði kirkju og höfðingjaveldi hérlendis.
- ◆ Og nú skapaðist efnalegt svigrúm fyrir fræðiiðkun og ritun bókmennta á klaustrum jafnt sem höfuðbólum höfðingja.
- ◆ Þjóðveldið var 166 ára þegar tíundin var samþykkt og í fyrsta skipti skapaðist svigrúm fyrir skrifandi hendur er lifðu á skatttekjum.
- ◆ Tíund og skinnbækur rötuðu nær samtímis inn í Íslenska sögu.

# 1200 – samræmdur gjaldmiðill

- ◆ Upphaflega var silfur notað sem gjaldmiðill hérlendis – landnemarnir seldu eignir sínar í Noregi fyrir silfur, rændu því í víking, græddu í verslun og svo framvegis.
- ◆ Það virðist hafa verið viðvarandi viðskiptahalli á Þjóðveldisöld því silfrið gekk smám saman til þurrðar.
- ◆ Álnir vaðmáls urðu brátt að nýjum gjaldmiðli.
- ◆ Ein alin var upphaflega lengd frá olnboga og út á fingurgóma.
- ◆ Samræmd sem 49 cm lengdareining með stikulögum um 1200 – þ.e. íslensk alin.
- ◆ Ein stika búin til á Alþingi og höfð á kirkjuvegg – sem síðan var endurgerð og sett upp í öllum kirkjum.
- ◆ Alin varð síðan verðeining Íslands allt fram á nítjándu öld.

**1 kýr = 12 kindur = 120 álnir = 240 fiskar**

- ◆ Samanber „Að verða vel í álnum“ eða „komast í álnir“

# Áfram um álnina

- ◆ Af hverju álnir vaðmáls sem gjaldmiðils?
- ◆ Vaðmál uppfyllir helstu eiginleika peninga:
  - ★ Einsleit vara með öruggt notagildi
  - ★ Auðvelt að skipta niður í einingar
  - ★ Hægt að geyma án skemmda
  - ★ Tiltölulega létt í vöfum
  - ★ Erlent greiðsluhæfi þar sem vaðmál var helsta útflutningsvara landsins.
- ◆ Þegar fram leið var alinin hrein reiknieining – sem allar aðrar vörur voru reiknaðar í.
- ◆ Ein alin af raunverulegu vaðmáli hætti brátt að vera jafnmikið og verðeiningin alin.
- ◆ Íslendingar voru með hálfgert vöruverðkerfi þar sem allir voru reiknaðar í alininum en síðan var oft gert upp í vörum, skepnum eða í góðmálmi.
- ◆ Alinin var án verðbólgu – tryggð með raunverulegum vörum – fyrst með vaðmáli og síðan fiski.

# 1180-1220 – samþjöppun goðorða

- ◆ Einstakir höfðingjar hófu að sölsa undir sig fleiri en eitt goðorð og héraðsríki taka að myndast þar sem ein ætt tekur að stjórna hverju héraði.
- ◆ Stoðir Alþingis taka að veikjast – lýðræðið í goðorðakerfinu hverfur - héraðspingin fara að detta niður og fólk sækir úrlausnir beint til höfðingjanna.
- ◆ Af hverju átti samruni sér stað í goðorðakerfinu?
  - ★ Pólitísk samkeppni á milli goðanna þar sem veikari goðum var ýtt út af borðinu
  - ★ Auðsöfnun einstakra manna samhliða söfnun goðorða
- ◆ Kannski var goðorðakerfið of óstöðugt í eðli sínu – einkum þegar trúarhlutverkið var skilið frá stjórnmalahlutverkinu.
  - ★ Um 1100 er prestum bannað að vera goðar.
- ◆ Sú hneigð skapast brátt að gera út um mál með vopnavaldi í stað þess að ræða um þau á þingum.

# 1220 – Sturlungaöld hefst

- ◆ Árið 1220 gerist Snorri Sturluson lundur maður Hákonar gamla Noregskonungs og lofar að koma landinu undir konung.
- ◆ Snorri gerir ekkert í málinu – en brátt byrjar samt valdabarátta – baráttan um yfirráð yfir öllu Íslandi.
- ◆ Hákon konungur og norska kirkjan reyna með öllum ráðum að grafa undan Þjóðveldinu og efla einstaka höfðingja í því að taka yfir landið.
- ◆ Fyrst Snorra Sturluson, síðan Sturlu Sighvatsson, síðan Gissur Þorvaldsson og fleiri og fleiri.
- ◆ Afleiðingin verður lögleysa, ólga og manndráp í um 40 ár.
- ◆ En engin ætt er nógu sterk til þess að ná landinu – samgöngur eru það erfiðar á milli héraða og of dýrt er að halda setulið.
- ◆ Það er ekki hægt að stjórna landinu frá einum stað.



# 1262 – Gamli sáttmáli

- ◆ Íslendingar ganga Noregskonungi á hönd með hollustueið við konung 1262.
- ◆ Þeir lofa að greiða skatt gegn því að konungur komi á friði og sendi sex skip til landsins á ári.
- ◆ Hvað unnu landsmenn með Gamla sáttmála?
  - ★ Fengu erlendan konung og innanlandsfriður sem var betri heldur en innlendur konungur í sífelldri valdabaráttu.
  - ★ Alþingi varð aftur starfshæft sem lögþing og dómþing – höfðingjarnir skutu stærstu málunum til konungs í stað þess að berjast um þau.
  - ★ Lágmarkstrygging fyrir samgöngum við útlönd með loforði um að kóngur sendi sex skip á ári.
- ◆ Er hægt að líta á það sem svo að landsmenn hafi gefið eftir sjálfstæðið en bjargað Alþingi?
- ◆ Athugið að sáttmálinn hefur skýrt uppsagnarákvæði



# Gamli sáttmáli

- ◆ Í nafni föður ok sonar ok heilags anda var þetta játað ok samþykkt af öllum almúga á Íslandi á Alþingi með lófataki:
- ◆ Vér bjóðum virðuligum herra Hákonu konungi hinum kórónaða vora þjónustu undir þá grein laganna, sem samþykkt er milli konungdómsins ok þegnanna, er landit byggja
- ◆ — Í fyrstu grein, at vèr viljum gjalda konungi skatt ok þingfararkaup, sem lögbók váttaf, ok alla þegnaskyldu, svo framt sem haldit er við oss þat móti var játað skattinum:
- ◆ — Í fyrstu, at utanstefníngrar skyldum vèr engar hafa, utan þeir menn, sem dæmdir verða af vorum mönnum á alþingi burt af landinu.
- ◆ — Item, at íslenzkir sè lögmenn og sýslumenn hér á landinu, af þeirra ætt, sem at fornu hafa goðorðin upp gefit.
- ◆ — Item at sex hafskip gáangi til landsins á hverju ári forfallalaust.

# Gamli sáttmáli, framhald

- ◆ — Erfðir skulu upp gefast fyrir íslenskum mönnum í Noregi, hversu lengi sem staðit hafa, þegar er réttir arfar koma til, eðr þeirra umboðsmaðr.
- ◆ — Landaurar skulu ok upp gefast. —
- ◆ Item skulu slíkan rætt íslenzkir menn hafa í Noregi, sem þeir hafa beztan haft.
- ◆ — Item at konúngr láti oss ná friði ok íslenzkum lögum, eptir því sem lögbók vor váttar, ok hann hefir boðið í sínum brèfum, sem guð gefr honum framast vit til.
- ◆ — Item jall viljum vèr hafa yfir oss meðan hann heldr trúnað við yðr en frið við oss.
- ◆ Halda skulum vèr ok vorir arfar allan trúnað við yðr meðan þèr ok yðrir arfar haldit trúnað við oss ok þessa sáttargjörðir fyrskrifaðar, en lausir ef rofin verðr af yðvarri álfu at beztu manna yfirsýn.